

GJALDSKRÁ

Veitna ohf. fyrir heitt vatn.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir heitt vatn á veitusvæðum Veitna. Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2 % af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skattsins við áætlaða sölu. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 11% af vatni til húshitunar og laugarvatns en 24% til annarra nota.

Á veitusvæðum gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli.

2. gr.

Almennir taxtar, mæld notkun.

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A-C	Einingaverð	Sala í þéttbýli	181,36	3,63	205,34	kr./m ³
J1A-C	Einingaverð	Sala í dreifbýli	239,34	4,79	270,98	kr./m ³

Taxtarnir gilda fyrir alla húshitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetramælingu.

Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns.

Veitum er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Veitur þær ráðstafanir sem má ætlast til af þeim til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Sækja skal skriflega um alla taxa aðra en ofangreinda taxa.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

3. gr.

Almennir taxtar, fast verð.

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	59,80	1,20	67,71	kr./dag
H1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	124,91	2,50	141,46	kr./dag
H1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	253,18	5,06	286,65	kr./dag

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	67,70	1,35	76,65	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	141,10	2,82	159,75	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	285,60	5,71	323,35	kr./dag

Fast verð er hluti af almennum taxa og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er háð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

4. gr.

Gróðurhús og sundlaugar.

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H3A-C	Einingaverð	Gróðurhús	90,65	1,81	102,63	kr./m ³
H4A-C	Einingaverð	Sundlaugar	90,65	1,81	102,63	kr./m ³

Skýringar:

Taxtar H3 og H4 eru ekki forgangsvatn. Taxtarnir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Veitna.

H4 taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn þessum taxa ef sundlaugin er aðalþáttur í starfsemi kaupanda.

H3 taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni.

Taxtar H3 og H4 verða aðeins tímabundið í boði.

5. gr.

Snjóbræðsla, fiskeldi, íþróttavellir utan húss, iðnaðarvatn og iðnaðarvatn í framleiðsluferla.

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
V1A-C	Einingaverð	Snjóbræðsla	181,36	3,63	229,39	kr./m ³
V2A-C	Einingaverð	Fiskeldi	90,65	1,81	114,65	kr./m ³
V3A-C	Einingaverð	Íþróttavellir, utanhúss	141,10	2,82	172,25	kr./m ³
V4A-C	Einingaverð	Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	90,65	1,81	114,65	kr./m ³
V5A-C	Einingaverð	Iðnaðarvatn	181,36	3,63	229,39	kr./m ³

Skýringar:

Taxtar V1 til V5 eru ekki forgangsvatn. Þeir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Veitna.

V1 taxtinn gildir fyrir sértengt snjóbræðslukerfi.

V2 taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

V3 taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utanhúss.

V4 taxtinn gildir fyrir atvinnustarfsemi sem nýtir heitt vatn beint í framleiðsluferla. Taxtinn gildir í engum tilvikum fyrir húshitun eða kranavatn.

V5 taxtinn gildir fyrir atvinnustarfsemi.

Taxtar V2, V3, V4 og V5 verða aðeins tímabundið í boði.

5.1

*Snjóbræðsla.***Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn (aðeins í þéttbýli).**

Taxti	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
	Fast verð	759,71	15,19	960,88	kr./dag
S1	Einingaverð	105,41	2,11	133,32	kr./m ³

Skýringar:

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Veitur leggja til.

Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn með flatargjaldi (aðeins í þéttbýli).

Taxti	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur	
	Fast verð	759,71	15,19	960,88	kr./dag	
S12	Einingaverð	105,41	2,11	133,32	kr./m ³	
S12	Daggjald	Fyrir hvern m ² snjóbræðsluflatar	0,23	0,005	0,29	kr./m ²

Skýringar:

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað.

Taxtinn miðast við að tvöfalt dreifikerfi sé til staðar hjá kaupanda. Daggjaldið er á hvern m² snjóbræðsluflatar.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Veitur leggja til.

6. gr.

Hemlataxtar – dreifbýli.

Dreifbýli	Taxti		Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
Hemlataxti	Fast verð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulíttra	442,33	8,85	500,81	kr./dag
H1	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.líttra umfr. 3 l	88,46	1,77	100,16	kr./dag

Skýringar:

Gildir fyrir frístundahús á svæðum Austurveitu, Grímsnesveitu, Hlíðaveitu, Ölfusveitu, Skorradalsveitu, Munaðarnesveitu og Norðurárdalsveitu.

Hitaveituvatn til frístundahúsa er selt um hemil til takmörkunar á rennsli. Mínútulítri tákna það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á 1 mínútu.

Innifalið í grunnverði eru 3 mínútulítrar, sem er minnsta magn sem afhent er til sumarhúsa.

Hægt er að sækja um aukið vatnsmagn hvenær sem er en umsókn um minnkun er aðeins framkvæmd mánuðina apríl og maí ár hvert.

Hugsanlegt er að svæðisbundið sé ekki nægt vatn til að verða við óskum um að kaupa aukið vatnsmagn.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

7. gr.

Verðskrá fyrir Rangárveitu dreifbýli.

Samkvæmt reglugerð nr. 10/2012 um breytingu á reglugerð nr. 297/2006, um Orkuveitu Reykjavíkur, nær veitusvæði fyrirtækisins til Hellu og Hvolsvallar og nærliggjandi sveita, eins og það veitusvæði er skilgreint í samningi frá 25. janúar 2005 milli Orkuveitu Reykjavíkur, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps. Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur segir einnig að í þeim tilvikum þar sem á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli skal skilgreining á milli þéttbýlis og dreifbýlis fylgja því hvernig viðkomandi sveitarfélag skilgreinir þéttbýli á aðalskipulagi. Ákvæði 7. gr. gjaldskrár þessarar gilda eingöngu fyrir dreifbýli á því svæði sem framangreindur samningur tekur til. Önnur ákvæði gjaldskrárinnar, s.s. ákvæði 8. gr. um heimlagin gilda einnig á því svæði eftir því sem við á.

7.1

Mæld notkun.

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A-C	Einingaverð	Sala í dreifbýli	239,34	4,79	270,98	kr./m ³

7.2

Fast verð.

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	67,70	1,35	76,65	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	141,10	2,82	159,75	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	285,60	5,71	323,35	kr./dag

7.3

Íbúðarhús - blandaður taxti.

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
	Fast verð	Grunndagverð	77,34	1,55	87,57	kr./dag
HR5	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.líttra	88,26	1,77	99,93	kr./dag
	Einingaverð	Neysluvatn um rennismæli	230,40	4,61	260,86	kr./m ³

7.4

Hemlataxti – dreifbýli.

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1	Fast verð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulíttra	442,33	8,85	500,81	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.líttra umfram 3 l	88,46	1,77	100,16	kr./dag

8. gr.

Heimæðar – almennt.

Almennt verð heimæða gildir á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Verð gilda ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum, þar greiðir umsækjandi samkvæmt kostnaðaráætlun. Geri húseigandi, sveitarfélag eða lóðarhafi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna, inntaksbúnaðar og á inntaksstað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

8.1

Heitt vatn – heimæðagjöld.

Neðangreint verð gildir í þéttbýli þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 50 m. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnsþörf í umsókn að höfðu samráði við Veitur. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H1H	20 mm	406.089	450.759	503.550
H1H	25 mm	634.513	704.309	786.796
H1H	32 mm	1.039.586	1.153.940	1.289.087
H1H	40 mm	1.624.356	1.803.035	2.014.201
H1H	50 mm	2.538.054	2.817.240	3.147.187
H1H	65 mm	4.289.315	4.761.140	5.318.751
H1H	80 mm	6.497.424	7.212.141	8.056.806
H1H	100 mm	10.152.225	11.268.970	12.588.759
H1H	125 mm	15.862.852	17.607.765	19.669.936
H1H	150 mm	22.842.506	25.355.182	28.324.708
H1H	200 mm	40.608.900	45.075.879	50.355.036

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

8.2.

Heitt vatn – bráðabirgðatengingar.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H2H	20 mm	135.578	150.492	168.117

Skýringar:

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

8.3

Heimæðagjöld í dreifbýli (lögbyli og heilsárshús).

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m. Stærð heimæðar ákvarðast af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð heimæðar til upphitunar húsnæðis tekur mið af rúmmáli þess. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota.

Taxti	Málstærð m.v. stál	Málstærð m.v. PEX	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H3H	20 mm	25 mm	587.499	652.124	728.499
H3H	25 mm	32 mm	917.964	1.018.940	1.138.275
H3H	32 mm		1.503.992	1.669.431	1.864.950

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 32 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

8.4

Heimæðagjöld fyrir frístundahús (í samræmi við byggingarleyfi).

Neðangreint verð gildir í frístundahúsabyggðum þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 100 m. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðar til annarra nota. Heimilt er að gefa 20% afslátt frá þessum verðum þar sem húseigandi sér um allan gröft og frágang í samræmi við kröfur Veitna.

Taxti	Málstærð, skýring	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H4H	20 mm PEX heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	851.699	945.386	1.056.107
H5H	20 mm PEX heimæð lögð samtímis og í sama skurði og kaldavatnsæð OR	599.665	665.628	743.585

Skýringar:

Heitavatnsheimæðar fyrir frístundahús eru lagðar með 20 mm PEX. Ósk um stærri heimæð fellur undir mat Veitna á styrk dreifikerfis og verði ósk samþykkt greiðir umsækjandi allan viðbótarkostnað sem fylgir stærri heimæð og þ.m.t. styrkingu á aðveitu.

8.5.

Heitt vatn – önnur heimæðapjónusta.

Taxti	Skýring	Án vsk. kr.	Með 11% vsk
H10	Lágmarksgjald fyrir breytingu/færslu heimæða	75.532	83.841

Heimilt er að falla frá þessu lágmarksgjaldi þar sem komið er að endurnýjun lagna.

9. gr.

Merki frá mæli fyrir notanda.

Beiðni notanda um merki frá mæli til nota við eigið stjórn- eða upplýsingakerfi.

Taxti	Skýring	Án vsk. kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H6H	Tengigjald fyrir aðgang að púlsum frá mæli, uppsett tengidós	44.000	48.840	54.560
H7H	Ótímabær mælaskipti, 15-20 mm	13.099	14.540	16.243
H8H	Ótímabær mælaskipti, 25-50 mm	32.746	36.348	40.605
H9H	Ótímabær mælaskipti, 65 mm	39.296	43.619	48.727

Skýringar:

Tengigjald er greitt fyrir aðgengi að merki frá mæli. Veitur setja upp tengidós sem er aðgengileg fyrir notanda að tengja við sinn búnað.

Þurfi að skipta um mæli þar sem mælir er ekki hæfur til að gefa frá sér merki þarf notandi að greiða fyrir mælaskipti og dýrari mæli til viðbótar við tengigjald.

Veitur taka enga ábyrgð á púlsútgangi eða notkun hans og vegna tækniþróunar mæla er ekki mögulegt að ábyrgjast að næsta mælitæki verði með sambærilegum útgangi.

10. gr.
Þjónustugjöld.

Texti	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
Seðilgjald	250	278	310
Tilkynningar- og greiðslugjald	82	91	102
Aukaálestur	6.646	7.377	8.241
Skipting orkureiknings ¹	3.534	3.923	4.382
Innheimtuviðvörðun ²	950		
Lokunargjald	8.306	9.220	10.299
Lokunargjald fyrir lokun að beiðni notanda.			
Fyrir sumarhús, endurkoma vegna tengingar eða útkall v/búnaðar notanda ³	23.975	26.612	29.729
Gjald fyrir opnun utan dagvinnutíma ⁴	23.975	26.612	29.729
Gjald fyrir innheimtuaðgerð þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð ⁵	406.089	450.759	503.550

Skýringar:

¹Þessi þjónusta er ekki lengur í boði. Gildir fyrir fyrri samþykktar skiptingar.

²20 dögum eftir gjalddaga.

³Lokunargjald ef notandi óskar eftir tímabundinni lokun.

Gjald fyrir endurkomu þegar umsækjandi hefur ekki uppfyllt sín skilyrði við áhleyplingu.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda.

Sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

⁴Gjald fyrir opnun sem óskað er eftir að verði framkvæmd utan dagvinnutíma.

⁵25% álag reiknast á innheimtuaðgerð utan þéttbýlis.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1535/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. júlí 2024.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.